

Starfsáætlun

Hagstofu Íslands 2021



Hagstofa Íslands

Efnisyfirlit

Yfirlit	3
Stefna og framtíðarsýn	4
Lykiláherslur – markmið	4
Efnahagssvið	5
Félagsmálasvið.....	8
Fyrirtækjasvið	11
Rekstrarsvið	13
Stjórnslásla og samstarf.....	15

Yfirlit

Hagstofa Íslands skiptist í fimm svið, efnahagssvið, félagsmálasvið, fyrirtækjasvið, rekstrarsvið og stjórnsýslu og samstarf auk skrifstofu yfirstjórnar. Helstu verkefni ársins markast af stefnu Hagstofunnar 2020-2025 og forgangsröðun verkefna í samræmi við markmið og aðgerðir í fjárlögum fyrir árið 2021.

Ráðist var í stefnumótun fyrir Hagstofu Íslands fyrir árin 2020-2025 haustið 2019. Í þeirri vinnu urðu til mörg umbótaverkefni sem eiga að leiða til bættrar starfsemi og þjónustu. Núverandi staða var greind og meðal annars skoðað hvernig aðra hagstofur í Evrópu leysa verkefni sín. Breið og virk þátttaka starfsfólks og notenda var höfð að leiðarljósi í stefnumótunarferlinu. Áhrif kórónuverirufaraldursins (Covid-19) árið 2020 urðu til þess að það hægði á innleiðingu stefnunnar en áformað er að setja kraft í hana á þessu ári.

Hröð þróun hefur átt sér stað í hagskýrslugerð á undanförunum árum. Einkum með vélnámi og gervigreind sem nýtist vel til þess að leysa ýmis verkefni við vinnslu gagna. Aukin sjálfvirknivæðing, með nýjum aðferðum, mun verða lykillinn að því að mæta kröfum um aukna framleiðni og bættan vinnutíma vegna styttingar vinnuvikunnar.

Niðurstaða stefnumótunar 2020-2025 er að Hagstofa Íslands verði framsækin þekkingarmiðstöð sem veitir góða þjónustu og stuðli að upplýstu samfélagi.

Þjónusta Áreiðanleiki Framsækni

Stefna og framtíðarsýn

Stefna Hagstofu Íslands tekur mið af lykiláherslum sem eru; aðgengilegar upplýsingar og þekking, samræmd högun upplýsinga og ferla og þekkingarmiðað starfsumhverfi. Í starfsemi Hagstofu Íslands eru þjónusta, áreiðanleiki og framsækni ávallt höfð að leiðarljósi. Starfsáætlun 2021 tekur mið af því og eru hér á eftir talin helstu áherslumál á hverju sviði og þær breytingar sem eru til þes fallnar að stuðla að framgangi stefnunnar og bættri þjónustu við notendur. Samhliða áherslum í framleiðslu verður gerð úttekt á húsnæði Hagstofunnar og upplýsingatækniinnviðum með það að markmiði að stuðla að þekkingarmiðuðu starfsumhverfi og aukinni teymisvinnu.

Hlutverk

Hagstofan vinnur hlutlægar hagskýrslur, hefur forystu um samhæfingu hagtalna, stundar rannsóknir og stuðlar þannig að upplýstri umræðu og faglegum ákvörðunum.

Framtíðarsýn til 2025

Hagstofan er framsækin þekkingarmiðstöð sem veitir góða þjónustu og stuðlar að upplýstu samfélagi.

Lykiláherslur – markmið

Lykiláherslur Hagstofunnar eru þrjár og hefur hver lykiláhersla markmið. Lykiláherslurnar eru: Aðgengilegar upplýsingar og þekking, samræmd högun upplýsinga og ferla og þekkingarmiðað starfsumhverfi.

Aðgengilegar upplýsingar og þekking	Samræmd högun upplýsinga og ferla	Þekkingarmiðað starfsumhverfi
Að þekkja þarfir notenda.	Samræma lýsigögn, flokkanir, hugtök og gögn.	Auka samvinnu og samnýtingu þekkingar.
Þróa miðlunarleiðir.	Innleiða trausta tæknilega innviði.	Styðja við nýsköpun og öflun þekkingar.
Auka virði hagtalna með því að setja þær í samhengi.	Samræma aðferðir og sjálfvirknivæða ferla.	Bæta stjórnun og efla teymisvinnu.
Efla þekkingarhlutverk Hagstofunnar.	Byggja upp skilvirk stjórnkerfi.	

Hér á eftir koma starfsáætlanir sviða þar sem fram koma helstu nýjungar og áherslur hvers sviðs í samræmi við stefnumótun og markmið Hagstofunnar sem fjallað er um að framan. Bent er á að í birtingaráætlun fyrir árið 2021 er ítarlegt yfirlit yfir áformaðar birtingar á árinu.

Efnahagssvið

Á efnahagssviði fer fram vinnsla á fjölbreyttum hagtölum um efnahagsmál sem felur í sér gerð þjóðhagsreikninga, hagtölur um opinber fjármál, skammtíma hagvísu um efnahagsþróun og sértækari vinnslur sem tengjast einstökum atvinnugreinum. Einnig er á efnahagssviði unnið að verðvísitölum svo sem vísitölu neysluverðs, byggingarvísitölu og vísitölum framleiðsluverðs. Starfsemi sviðsins er skipt í tvær deildir, vísitöludeild og deild þjóðhagsreikninga og opinberra fjármála.

Nýtt þjóðhagsreikningakerfi

Á grundvelli fjárfestingaráttaks stjórnvalda er hafin uppbygging á nýju heildarkerfi þjóðhagsreikninga sem mun þegar fram í sækir umbylta þeirri vinnslu hér á landi. Verkefnið mun standa yfir í nokkur ár en á fyrsta árinu verður áhersla lögð á kerfishönnun og tæknilega uppbyggingu en auk þess verður sérstök áhersla á ársfjórðungslegt tekjuskiptingaruppgjör fyrir heimilisgeirann. Gert er ráð fyrir fyrstu birtingum á nýju ársfjórðungslegu tekjuskiptingaruppgjöri fyrir heimilageirann árið 2021.

Gagnaskil ríkis og sveitarfélaga

Stefnt er að því að ljúka vinnu við gerð samkomulags á milli Hagstofu Íslands, ríkis og sveitarfélaga um bætt gagnaskil opinberra aðila á grundvelli kröfulýsingar sem tekur mið af skuldbindingum Íslands. Er þar um að ræða skil á talnaefni um fjármál hins opinbera samkvæmt Evrópureglugerð nr. 549/2013 um evrópskt þjóðhags- og svæðisreikningakerfi. Með verkefninu er stefnt að því að skýra betur hlutverk aðila í samstarfi um gagnaskil, auka framboð og bæta gæði talnaefnis um fjármál hins opinbera.

Geiraflokkun

Á árinu 2020 hófst vinna sem miðar að heildarendurskoðun geiraflokkunar íslenskra fyrirtækja, félagasamtaka og stofnana ríkis og sveitarfélaga. Vinnu við flokkun stofnana ríkisins lauk að mestu á árinu 2020 en á árinu 2021 verður sjónum beint að stofnunum sveitarfélaga, fjármálafyrirtækjum og félagasamtökum.

Bætt talnaefni um fjármunaeign í þjóðhagsreikningum

Á árinu verður áfram unnið að endurbótum á talnaefni um fjármunaeign í samræmi við kröfur í ESA 2010 þjóðhagsreikningastaðlinum. Með verkefninu er stefnt að því að auka þjónustu við notendur þjóðhagsreikninga með ítarlegri upplýsingum um samsetningu fjármunaeignar eftir atvinnugreinum og tegundum. Stefnt er að því að birta endurskoðaðar niðurstöður fyrir árin 1995-2020 síðar á þessu ári.

Útgjöld málaflokka

Í janúar síðastliðnum gaf Hagstofan út heildstætt rit um heilbrigðisútgjöld á Íslandi á árunum 1998-2019 á grundvelli alþjóðlegra staðla og flokkunarkerfa. Síðar á árinu er stefnt að sambærilegum útgáfum um fræðslu- og velferðarútgjöld.

Vinumagn samkvæmt þjóðhagsreikningastaðli

Árið 2018 birti Hagstofa Íslands í fyrsta sinn tölfræði um vinnumagn sem byggir á alþjóðlegum stöðlum þjóðhagsreikninga sem og tölfræði um framleiðni vinnuafis hér á landi. Í fyrstu var lögð áhersla á birtingu niðurstaðna fyrir árin 2008-2018. Áfram verður unnið að því að styrkja grundvöll þeirra mælinga og lengingu tímaraða, þ.e. að birta niðurstöður fyrir árin 1995-2007.

Efnahagslegir skammtímavísar

Áfram verður unnið að því að þróa nýja útgáfu og reglulega uppfærslu efnahagslegra skammtímavísa og er stefnt að birtingu þeirra í nýju og endurbættu formi síðar á árinu. Með verkefninu er stefnt að því að auka þjónustu við notendur, auka skilvirkni í úrvinnslu með áherslu á sjálfvirknivæðingu ferla og tíðari og tímanlegri uppfærslur.

Húsnæðisliður vísitölu neysluverðs endurskoðaður

Hafin er vinna við endurskoðun aðferða við húsnæðislið vísitölu neysluverðs og er gert ráð fyrir að undir lok ársins liggi fyrir áætlun um breytingar á aðferðum. Verkefnið kemur í kjölfar vinnu nefndar sem forsætisráðherra skipaði um verðtryggingu fjárskuldbindinga. Breytingar á fasteignamarkaði og breytt fjármögnun íbúðarhúsnæðis gera það einnig að verkum að slík endurskoðun er tímabær.

Vísitala byggingarkostnaðar

Á árinu 2021 er áformað að forsætisráðherra leggi fram frumvarp um að lög um vísitölu byggingarkostnaðar nr. 42/1987 verði felld úr gildi. Gangi frumvarpið eftir mun mæling vísitölu byggingarkostnaðar falla að öllu leyti undir lög um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð nr. 163/2007 frá og með 1. janúar 2022. Fram til þess tíma verður unnið að undirbúningi breytinga og kynningu fyrir notendur vísitölnnar. Hagstofan áformar m.a. að endurskoða meðhöndlun virðisaukaskatts í mælingu vísitölnnar sem og mælingu launakostnaðar.

Vísitala framleiðsluverðs

Sérstaklega verður unnið að styrkingu úrtaks vísitölu framleiðsluverðs á árinu og framsetning talnaefnis endurskoðað með hliðsjón af þörfum notenda. Á fyrri hluta ársins verður sérstaklega horft til sjávarútvegs auk þess sem forsendur útreikningsaðferða verða metnar.

Evrópskur verðsamanburður og efnahagstölfræði

Nýtt talnaefni um evrópskan verðsamanburð (PPP) var birt á vef Hagstofu á árinu 2020. Framhald verður á verkefninu á árinu 2021 þar sem horft verður til frekari tækifæra í birtingu talnaefnis um evrópska efnahagstölfræði og tækifæra í myndrænni framsetningu.

Rannsókn á útgjöldum heimilanna

Í tengslum við væntanleg grunnskipti vísitölu neysluverðs og umbætur á rannsókn á útgjöldum heimilanna (RÚH) verða settir á laggirnar vinnuhópar með margþætt markmið. Þar má nefna betri samþættingu á milli vísitöludeildar, þjóðhagsreikninga og

félagsmálasviðs um neysluútgjöld og gagnavinnslu. Einnig verður framkvæmd rannsóknarinnar og nálgun við þátttakendur tekin til endurskoðunar.

Verkefni vegna stefnumótunar ríkisaðila

Unnið verður að bættu framboði opinberra hagtalna sem hluta af stefnumótun ríkisaðila fyrir árin 2021-2023 með því að bæta upplýsingar um framboð og verð á atvinnuhúsnæði. Árið 2021 verður unnið að uppsetningu venslalíkans fyrir fasteignagrunn og gæðamat á grunngögnum. Endurbætur þjóðhagsreikninga miða jafnframt að því markmiði að alþjóðlegar skuldbindingar í hagskýrslugerð séu uppfylltar.

Betri vinnutími

Áskorunum vegna styttingar vinnuvikunnar verður mætt með ýmsum hætti á efnahagssviði. Flest verkefni á sviðinu eru þess eðlis að lausn þeirra kallar á aðkomu fleiri en eins sérfræðings. Knappur tímarammi og innbyrðis tengsl verkefna gera það að verkum að teymisfyrirkomulag hentar vel og nú þegar taka flestir verkferlar á sviðinu mið af því. Áhersla á teymisskipulag, hvort sem er innan eða milli deilda, verður aukin enn frekar. Þessu til viðbótar verður lögð áhersla á bætta fundarmenningu og tæknilausnir til hagræðingar eftir því sem kostur er.

Félagsmálasvið

Á félagsmálasviði er unnið að hagtölum um lýðfræði, mannfjölda, félagsmál, heilbrigðismál, kosningar, lífskjör, vinnumarkað, laus störf, notkun á upplýsingatækni, laun, launakostnað, tekjur, skuldir, menntun, skóla, miðla, menningu og listir samhliða umbótavinnu og þróun nýrra verkefna. Sviðið skiptist í deildirnar Atvinna, lífskjör og mannfjölda og Laun, tekjur og menntun.

Laun og launakostnaður

Áfram verður unnið að bættri þekju launarannsóknar þannig að hún nái til allra atvinnugreina og verður lögð áhersla á að ljúka innleiðingu á bálknum leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta árið 2021 auk þéttingar úrtaks. Fyrirhuguð er birting innanlands á árlegum launakostnaði samkvæmt Evrópska hagskýrslusamstarfinu (e. Labour Cost Levels) og á vísitölu grunnlauna sem er sambærileg við launavísitölu en byggir á öðru launahugtaki. Unnið verður að frekari þróun á greiningum fyrir kjaratölfræðinefnd sem birtar eru í skýrslum nefndarinnar. Í sumarbyrjun verða birtar niðurstöður greiningar á launamun kynjanna á grundvelli endurnýjaðs tölfræðilíkans byggt á gagnasöfnum Hagstofunnar en verkefnið er unnið í samstarfi við forsætisráðuneytið.

Vinnuaflið

Umtalsverðar breytingar eru fyrirhugaðar á vinnslu talnaefnis úr vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar vegna nýrrar rammareglugerðar um úrtaksrannsóknir félagsmálatölfræðinnar og umbóta á aðferðum. Fyrirsjáanlegt er að breytingarnar munu hafa áhrif á tímaraðir og vinnur Hagstofan að þróun aðferða til þess að reikna samfellda tímaröð. Stefnt er að frekari þróun á upplýsingum um vinnuaflið byggt á staðgreiðslugögnum með niðurbroti upplýsinga eftir opinberum og almennum vinnumarkaði á fyrri hluta þessa árs og eftir menntunarstöðu á síðari hluta ársins.

Heilsufar, lífskjör, félagsvernd og kynbundið ofbeldi

Birtar verða niðurstöður úr rannsókn á heilsufari (e. EHIS) sem framkvæmd var haustið 2019 í öllum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu. Fyrirhuguð er samvinna við Embætti landlæknis sem miðar að samræmdri útgáfu upplýsinga um dánarmein.

Birtar verða niðurstöður úr lífskjararannsókn Hagstofunnar (e. SILC) fyrir árin 2019 og 2020 í kjölfar umbóta á úrvinnslu með það fyrir augum að straumlínulaga rannsóknina og auka tímanleika í útgáfum.

Auk hefðbundinna innlendra birtinga á hagtölum um félagsvernd, er í upphafi árs væntanleg ný rafræn útgáfa á norrænu talnaefni um félagsvernd en útgáfunni var frestað á síðasta ári vegna kórónuveirufaraldursins.

Hagstofa Íslands hefur fengið styrk frá Eurostat, hagstofu Evrópusambandsins, til þess að þróa aðferð við rannsókn á kynbundnu ofbeldi (e. Genderbased violence Survey). Verkefnið hefst í ársbyrjun 2021 og er til tveggja ára.

Mannfjöldi og húsnæði

Árið 2021 er fyrirhugað að birta nýjar tölur um giftingar og skilnaði á árinu auk tímaraða um búferlaflutninga eftir menntunarstöðu. Umtalsverðar breytingar eru fyrirhugaðar á tölum um hælisleitendur, dvalarleyfi, frávísanir og Dyflinar-tölfræði í samstarfi við Útlendingastofnun.

Stefnt er að útgáfu upplýsinga um stöðu á húsnæðismarkaði á grundvelli lífskjararannsóknar haustið 2021. Áfram verður unnið að húsnæðistali sem leyfir niðurbrot eftir smærri svæðum en hægt er í lífskjararannsókn og er fyrsta birting áætluð á næsta ári.

Jafnrétti og kosningar

Fyrirhugað er að birta fyrstu útgáfu jafnréttisvísa á seinni hluta ársins. Um er að ræða mælaborð um stöðu karla og kvenna á Íslandi þar sem horft er til Gender Equality Index sem er birtur af hálfu European Institute for Gender Equality.

Á árinu verða gefnar út niðurstöður úr sveitarstjórnarkosningum Múlaþings sem fóru fram í september 2020. Safnað verður gögnum við Alþingkosningar haustið 2021 og þau undirbúin fyrir miðlun.

Menntun og færnisþá

Áfram verður unnið að þróun talnaefnis um háskólanemendur sem útskrifast á Íslandi en hafa tekið hluta af námi sínu erlendis (e. credit mobile students) og stefnt að gagnasöfnun þess efnis árið 2021. Stefnt er að frekara framboði á talnaefni um menntun sem nú er fyrir, til að mynda upplýsingar um breytingar á skólastarfi grunnskóla vegna kórónuveirufaraldursins.

Unnið verður að hagnýtingu gagnasafns um menntunarstöðu við gerð fjölbreyttra hagtalna, þar með talið menntunarstöðu mannfjöldans með ítarlegra niðurbroti en birt hefur verið til þessa. Unnið verður að endurskoðun flokkunarkerfa og hafin birting á veftöflum um nemendur og próf skv. ISCED 2011-flokkunarkerfinu.

Unnið er að gerð spálíkans um færniþörf á íslenskum vinnumarkaði sem byggir á gagnasöfnum Hagstofunnar og er fyrirhugað að birta fyrstu spá um færniþörf á fyrri hluta ársins. Um er að ræða verkefni sem fjármagnað er sameiginlega af forsætisráðuneyti, félagsmálaráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneyti og unnið í víðu samstarfi hagsmunaaðila.

Menning og miðlar

Í vor er stefnt að birtingu menningarvísa í kjölfar umbóta á skráningu og flokkun rekstraraðila í menningargreinum. Um er að ræða samstarfsverkefni um skráningu auka atvinnugreina í fyrirtækjaskrá Hagstofunnar og frekari flokkun rekstraraðila í mismunandi listgreinar.

Haustið 2021 er stefnt að framkvæmd úrtaksrannsóknar meðal almennings þar sem könnuð verður þátttaka í menningu og listum, notkun á miðlum og áhugamál en

sambærilegar rannsóknir hafa tíðkast á hinum Norðurlöndunum síðustu áratugi. Framkvæmd rannsóknarinnar var frestað vegna kórónuveirufaraldursins.

Vísasöfn

Félagsvísar á vísasíðu Hagstofunnar verða uppfærðir og stefnt að útgáfu fimm sérhefta félagsvísa á árinu. Fyrsta útgáfa velsæðarvísa, sem unnir eru í samstarfi við forsætisráðuneytið, er áætluð í ársbyrjun 2021. Hagstofa Íslands á aðild að stýrihópi vegna mælaborðs um stöðu barna, sk. barnavísar, og á vinnu að ljúka með skriflegri tillögu í lok mars.

Verkefni vegna stefnumótunar ríkisaðila

Unnið verður að bættu framboði opinberra hagtalna sem hluta af stefnumótun ríkisaðila fyrir árin 2021-2023 með því að auka framboð af tímanlegum upplýsingum um tekjur einstaklinga og launasummu eftir atvinnugreinum. Árið 2021 verður árlegt talnaefni um tekjur eftir menntun birt með fjölbreyttari aldursskiptingu. Á síðasta ári var í fyrsta sinn birt tímanlegt mánaðarefni sem tilraunatölfræði sem veitir vísbendingar um tekjur einstaklinga byggðar á samtölu staðgreiðsluskyldra greiðslna. Niðurbrot nær nú til sveitarfélaga og atvinnugreina en fyrirhuguð er birting á frekari niðurbroti, til að mynda eftir aldri, bakgrunni og auknu niðurbroti á tegundum tekna einstaklinga.

Unnið verður að töku manntals með viðmiðunardag 1. janúar 2021 sem hluta af því að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar í hagskýrslugerð. Með manntali er átt við samtíma uppgjör á heimilishögum, búsetu og atvinnu íbúa. Samhliða verður einnig tekið húsnaðistal með sama viðmiðunardegi. Um er að ræða stafrænt manntal sem byggir á fjölbreyttum rafrænum heimildum um íbúa og híbýli á Íslandi. Fyrsta útgáfa er áætluð árið 2022. Stefnt er að árlegu manntali ríkja Evrópska efnahagssvæðisins frá árinu 2024 og verður unnið að undirbúningi þess samhliða manntali 2021.

Betri vinnutími

Á félagsmálasviði verður lögð áhersla á umbótaverkefni sem snúa að betri vinnutíma. Unnið verður að bættri fundarmenningu til að gera fundi markvissari og gagnlegri. Lögð verður áhersla á að bæta yfirsýn stjórnenda vegna verkefna og verkefnastöðu hverju sinni og stefnt að innleiðingu á einföldu kerfi fyrir utanumhald verkefna. Enn fremur verður unnið að bættu aðgengi að leiðbeiningum, kóðum, aðferðalýsingum, verkferlum og vinnulýsingum miðlægt. Verkferli við undirbúning miðlunar verður yfirfarið til þess að auka skilvirkni. Auk þess mun eiga sér stað skipulegt og markvisst mat á fræðsluþörfum starfsfólks.

Fyrirtækjasvið

Á fyrirtækjasviði er unnin tölfraði eftir atvinnugreinum um rekstur, afkomu, efnahag og lýðfræði fyrirtækja. Jafnframt er unnin ýmis konar skammtímatölfraði atvinnugreina, m.a. upplýsingar um veltu. Unnið er fjölbreytt talnaefni sem afmarkast við tilgreinda atvinnuvegi, svo sem um ferðaþjónustu, iðnað, landbúnað og sjárvarútveg, en einnig tölfraði um útflutning og innflutning vöru og þjónustu. Unnið er að talnaefni um ransóknar- og þróunarstarf fyrirtækja og stofnana og nýjungavirkni og tækninotkun fyrirtækja. Jafnframt er á fyrirtækjasviði unnin tölfraði um auðlinda- og umhverfismál sem felur m.a. í sér framleiðslu umhverfisreikninga út frá þjóðhagsreikningum og tölfraði um úrgang og losun gróðurhúsalofttegunda.

Nýtt sameinað svið utanríkisverslunar og fyrirtækjatölfraði

Í kjölfar stefnumótunarvinnu síðla árs 2019 var ákveðið að sameina utanríkisverslun og fyrirtækjatölfraði í eitt fyrirtækjasvið í upphafi árs 2021. Markmið sameiningar er að koma á þekkingarklasa með aukinni breidd. Mismunandi þekking og sérhæfing mun efla nýja sameinaða einingu og efla tölfraðiframleiðslu til framtíðar. Unnið hefur verið skipulega frá upphafi árs með öllum starfsmönnum með það að markmiði að sameiningin gangi sem best og að samþætting þekkingar og nýting gagna verði hagkvæm.

Vöru- og þjónustuviðskipti

Í þróun er ný móttaka gagna og vinnsluferli sem auka á tímanleika og stuðla að frekari gæðum í framleiðsluferlum og endurbótum á tölfraði til þess að koma til móts við spurn samfélagsins eftir bættri tölfraði um vöru- og þjónustuviðskipti. Útgáfur verða endurbættar með aukinni sundurliðun og bættum tímanleika á árinu 2021.

Fyrirtækjatölfraði

Á árinu 2021 verður unnið að innleiðingu á nýrri rammareglugerð um fyrirtækjatölfraði en verkefnið er styrkt af Eurostat. Jafnframt verður unnið að þróun tölfraði um samhengi rannsókna og þróunar í atvinnugreinum við arðsemi en þróun á þessari tölfraði er einnig styrkt af Eurostat. Samhliða þessum styrktu verkefnum verður unnið að frekara niðurbroti á rekstrarupplýsingum og upplýsingum um fjárfestingar fyrirtækja og atvinnugreina. Einnig eru í endurskoðun þær fyrirtækjarannsóknir sem nýttar hafa verið til framleiðslu tölfraði, s.s. um starfsstöðvar, aukaatvinnugrein og þjónustujöfnuð, en fyrirhugað er að fara í frekari upplýsingasöfnun án þess að íþyngja fyrirtækjum með umfangsmikilli svarbyrði.

Ákveðið hefur verið að fara í samnorræna rannsókn á áhrifum kórónuveirufaraldursins á lýðfræði fyrirtækja og hefst vinna við rannsókinu á árinu. Stefnt er að tímanlegri birtingu á upplýsingunum þannig að meta megji áhrif faraldursins á atvinnugreinar og lönd en rannsóknin er styrkt að Norrænu ráðherranefndinni.

Umhverfistölfraði og umhverfisreikningar

Á árinu 2021 verður birt tölfraði um losun gróðurhúsalofttegunda frá hagkerfi Íslands, orkuflæðisreikningum, efnisflæðireikningum, umhverfissköttum, útgjöldum og

fjárfestingu til umhverfsvænna þátta sem og tölfræði um umfang vörusölu og þjónustustarfsemi tengdri umhverfisvernd og auðlindastýringu. Á árinu 2021 er stefnt að því að klára uppbyggingu umhverfisreikninga og uppfylla allar alþjóðlegar skuldbindingar um skil á umhverfisreikningum.

Tölfræði um ferðaþjónustu

Á árinu 2021 verður komið á reglubundnum birtingum á bráðabirgðatölum um gistinætur. Þróun á tölfræðinni hefur verið í gangi en birtingar á tilraunatölfræði á bráðabirgðatölum hófust á árinu 2020. Á árinu 2021 munu jafnframt hefjast reglubundnar birtingar á upplýsingum úr ársfjórðungslegri rannsókn á ferðavenjum Íslendinga.

Myndræn framsetning upplýsinga, vísasíður og mælaborð atvinnugreina

Vaxandi áhugi hefur verið á myndrænni framsetningu upplýsinga um atvinnugreinar og umhverfismál. Í vinnslu eru upplýsingar um umhverfismál og atvinnugreinar sem birtast munu á vísasíðum Hagstofu Íslands. Snemma á árinu 2021 koma til birtingar vísasíður um umhverfismál og ferðaþjónustu en einnig eru í þróun vísasíður fyrir aðrar atvinnugreinar og utanríkisviðskipti. Enn fremur verða birtar frekari mælingar á nýju mælaborði atvinnugreina.

Rannsókn á nýjungavirkni og nýsköpun fyrirtækja

Síðla árs 2021 er stefnt að birtingu á niðurstöðum um nýjungavirkni atvinnugreina byggðri á rannsókn sem framkvæmd er annað hvert ár og verður framkvæmd í upphafi árs 2021. Á árinu verða einnig birtar niðurstöður um notkun fyrirtækja á upplýsingatækni byggðar á rannsókn á meðal fyrirtækja. Á árinu 2021 verður jafnframt birt talnaefni um útgjöld til rannsókna og þróunar byggt á auðgun upplýsinga þess efnis. Rannsóknirnar fylgja allar alþjóðlegum stöðlum og aðferðafræði OECD og Eurostat.

Verkefni vegna stefnumótunar ríkisaðila

Unnið verður að bættri upplýsingagjöf um atvinnulífið sem hluta af stefnumótun ríkisaðila um bætt framboð opinberra hagtalna. Fyrsti áfangi felst í mælaborði um iðnað og fellur vinnan vel að þróun vísasíðna og myndrænnar framsetningar á upplýsingum.

Betri vinnutími

Á fyrirtækjasviði eru í gangi nokkur umbótaverkefni um bættan vinnutíma. Úrvinnsla og innleiðing niðurstaðna verkefna um bætt samstarf og samnýtingu gagna, bætt fundarmenningu og einföldun ferla er fyrirhuguð á fyrsta ársfjórðungi 2021. Önnur umbótaverkefni hafa verið listuð upp og verða tekin fyrir í lotum sem ná yfir 2-3 mánuði.

Rekstrarsvið

Rekstrarsvið er annað af tveimur sviðum innan Hagstofunnar sem gengur þvert á aðra starfsemi. Deildir sviðsins eru þrjár; fjármál og rekstur, upplýsingatækni og gagnasöfnun. Rekstrarsvið leggur sig fram við að veita hagskýrslusviðum Hagstofunnar góða þjónustu auk þess að vinna að umbótum og samfelldum rekstri. Auk samvinnu við hagskýrslusviðin eru helstu áherslur sviðsins fyrir árið 2021 áframhaldandi styrking innviða, betri og skýrari þjónusta með nýrri þjónustustefnu, sjálfvirknivæðing og vöktun búnaðar. Verkefni er varða Ísland.is munu skipa stóran sess í upplýsingatæknideild. Gagnasöfnun hélt áfram að bæta við sig verkefnum frá hagskýrslusviðunum sem skapar rými innan þeirra til frekari greininga, auk þess sem verkefni er varða húsnæði og innviði Hagstofunnar munu einkenna árið 2021.

Gagnsæi og opin gögn

Aukin áhersla er á gagnsæi og stefnt er að birtingu reikninga Hagstofunnar í opnum gögnum fyrir almenning á fyrri hluta ársins auk þess sem bókhaldskerfi stofnunarinnar verður uppfært.

Fjölviðmót í einstaklingsrannsóknum

Auk þeirra fjögurra einstaklingsrannsókna sem eru í reglubundnum rekstri mun Gagnasöfnunardeild framkvæma rannsókn á ferðavenjum landsmanna og á neyslu almennings á menningu, miðlum og afþreyingu. Þetta eru fyrstu einstaklingsrannsóknir Hagstofunnar sem framkvæmdar verða með fjölviðmóti þar sem þátttakendum er boðið að taka þátt á netinu áður en haft er samband símleiðis. Á árinu hefst einnig undirbúningur á rannsókn á kynbundnu ofbeldi sem verður framkvæmd í upphafi árs 2022.

Nýtt vefskilakerfi

Á Hagstofunni eru rúmlega 40 gagnasafnanir í rekstri þar sem gagna er aflað frá fyrirtækjum og stofnunum. Gagnaskil ytri notenda til Hagstofunnar verða samræmd með því að setja allar safnanir sem snúa að þeim sem senda stofnuninni gögn í eitt og sama kerfið. Það auðveldar sjálfvirkni og gagnaskil og skilar sér í minni svarbyrði. Einnig fá notendur betri yfirsýn yfir allar safnanir Hagstofunnar sem snúa að þeim. Ný viðamikil verkefni á árinu er gagnasöfnun fyrir manntalið og söfnun upplýsinga um starfsstöðvar fyrirtækja og aukaatvinnugreinar.

Samræmt vinnuumhverfi

Verkefnastofa um stafrænt Ísland á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytis hefur unnið þarft verk í samræmingu á tæknilegu vinnuumhverfi og upplýsingatækniþjónustum hins opinbera. Á árinu mun sviðið innleiða samskiptalausnir Stafræns Íslands, tölvupóst og fjarfundalausn, til þess að auðvelda samvinnu við aðila utan stofnunarinnar, vefþjónustugátt til að auðvelda gagnasamskipti á milli stofnanna og rafræn pósthólf til þess að einfalda samskipti við notendur.

Samhliða því mun rekstrarsvið samræma vinnuumhverfi Hagstofunnar með uppfærðum tölvukosti fyrir starfsmenn sem er forsenda þess að hægt sé að vinna hagskýrslur fyrir notendur. Rekstrarumhverfi stofnunarinnar verður einnig samræmt með því að klára flutning innviða á sjálfvirka tæknilega innviði sem leiða til öruggara rekstrarumhverfis.

Þjónustustefna

Fyrri hluta árs mun sviðið vinna í samvinnu við svið stjórnsýslu og samstarfs að þjónustustefnu fyrir innri og ytri þjónustu Hagstofunnar. Innleiðing stefnunnar hefur þann tilgang að bæta þjónustu stofnunarinnar við notendur, bæði beint með því að bæta gæði þjónustunnar út á við en einnig óbeint með því að bæta þjónustu við starfsmenn Hagstofunnar sem skilar sér í betri þjónustu við alla notendur.

Verkefni vegna stefnumótunar ríkisaðila

Fjárhagslegur mælikvarði í Stefnumótun ríkisaðila er að Hagstofa Íslands sé rekin í samræmi við lög um opinber fjármál og sé innan fjárveitinga, þar með talið ónýtttra heimilda frá fyrri árum.

Betri vinnutími

Verkefni rekstrarsviðs á árinu sem stuðla að betri vinnutíma tvinnast inn í önnur verkefni, sérstaklega samræmingu vinnuumhverfis, samræmt kerfi fyrir gagnaskil, vefþjónustugátt fyrir samskipti við aðrar stofnanir, sjálfvirkni í tæknilegum innviðum og rekstri, einfaldari rafræn samskipti við notendur og betra skipulag tæknilegra innviða.

Auk þess er unnið að betra vinnulagi við undirbúning og eftirvinnslu einstaklingsrannsókna sem flýttir fyrir því að greining gagna geti hafist. Það mun ekki einungis bæta vinnutímann heldur getur það beinlínis hraðað útgáfu hagskýrslna.

Annað verkefni sem bætir vinnutíma, en hefur einnig áhrif á gæði hagskýrslna, er að bæta símanúmeraleit í einstaklingsrannsóknum með nýjum leiðum sem getur aukið svörun í rannsóknum sem aftur eykur gæði þeirra hagskýrsla sem stofnunin gefur út.

Stjórnsýsla og samstarf

Sviðið sér um miðlun hagtalna, útgáfu, upplýsingaþjónustu og ritstjórn á ytri og innri vef auk þess að sjá um afgreiðslu- og skiptiborð Hagstofunnar.

Sviðið hefur einnig yfirumsjón með alþjóðlegu samstarfi, svo sem Evrópska hagskýrslusamstarfinu (ESS), samstarfi Norðurlandþjóða og samstarfi á vegum alþjóðastofnana svo sem Sameinuðu þjóðanna (SB) og Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD).

Innan sviðsins er unnið með aðferðafræði, umsýslu sérvinnslubeiðna, samstarf við aðra framleiðendur hagtalna og þjónustu við rannsóknarsamfélagið auk umsýslu umsókna um aðgang að trúnaðargögnum.

Að lokum er framkvæmd og eftirlit með gæða- og öryggisstöðlum á verksviði sviðsins. Hagstofan er með ISO 27001-öryggisvottun á starfsemi sinni og leggur mikla áherslu á öryggismál í hvívetna. Þá er framleiðsla opinberra hagskýrslna unnin í samræmi við meginreglur í evópskri hagskýrslugerð (e. European Code of practice) sem jafnframt er grunnurinn að gæðakerfi stofnunarinnar.

Norræna tölfræðingamótið 2022

Norræna tölfræðingamótið, sameiginleg ráðstefna hagstofa Norðurlandanna, verður haldið á Íslandi á næsta ári. Mótið er haldið þriðja hver ár og var síðast haldið á Íslandi árið 2007. Mikil skipulags- og undirbúningsvinna er í kringum þennan viðburð, ekki síst þegar kemur að því að leiða fræðilega efnisvinnu fyrir mótið. Framkvæmdin er því afar umfangsmikil en um 400 manns tóku þátt í síðasta móti í Helsinki árið 2019.

Nýr aðferðafræðivefur

Komið verður upp sérstöku svæði á vef Hagstofunnar fyrir upplýsingar um aðferðafræði sem notuð er við framleiðslu hagtalna. Þar eiga notendur að geta nálgast útgefna greinargerðir um þá aðferðafræði sem notuð er í framleiðslunni auk staðla og flokkunarkerfis. Markmiðið með slíkum aðferðafræðivef er að gera framleiðslu hagtalna gegnsærri í takt við kröfur meginreglna í Evrópskri hagskýrslugerð og auka þjónustu við notendur.

Bætt lýsigögn og framsetning á vef

Nýtt lýsigagnakerfi verður innleitt fyrir vef og útlit á vísasíðum verður samhæft og endurbætt. Þá stendur til að koma upp mælaborði þar sem hægt verður að birta skammtímahagvísa á einfaldari og skýrari hátt notendum til góða.

Starfsmannaupplýsingar á ytri vef

Upplýsingar um starfsmenn á vef verða gerðar ítarlegri en verið hefur. Mikilvægt er að bæta upplýsingar um sérfræðingþekkingu starfsmanna þannig að samskipti við notendur geti orðið hnitmiðaðri. Þá verður móttaka Hagstofunnar endurskoðuð með það að leiðarljósi að bæta bæði innri og ytri þjónustu.

Nýr vefur

Í ár verður hafin vinna við að undirbúa endurnýjun á ytri vef Hagstofunnar en núverandi vefur stofnunarinnar er komin til ára sinna. Mikil áhersla var á eflingu miðlunarleiða í nýrri stefnu Hagstofunnar og allflestar snúa þær að miðlun um vefinn. Ráðast þarf í ítarlega greiningar á innri og ytri þörfum og þótt ólíklegt sé að nýr vefur klárast á árinu þá verða a.m.k. hornsteinar hans lagðir í samráði við haghafa.

Aðferðafræðiráð Hagstofunnar endurstofnað

Til þess að styðja við aukna rannsóknarvirkni innan Hagstofunnar og frekari þróun á tilraunatölfræði, verður aðferðafræðiráð Hagstofunnar (ráð utanaðkomandi aðferðafræðisérfræðinga) virkjað í auknum mæli með það að markmið að fá bæði ytri rýni á aðferðir Hagstofunnar og ráðgjöf við nýsköpun í aðferðum sem tengjast framleiðslu opinberra hagtalna.

Betri vinnutími

Með því að fækka skrefum við móttöku gagna til auðgunar eykst öryggi og dregur úr vinnu sem fer í meðhöndlun gagna innanhúss á Hagstofunni. Sett verða upp sjálfvirk ferli um dulkóðun (primary identifier) þegar gögn fara frá fagsviðum til rannsóknarþjónustu. Með því móti má setja gögn, sem ítrekað er beðið um, í örgagnaaðgang í sjálfstæðan gagnagrunn rannsóknarþjónustu. Þetta myndi stytta vinnutímann sem fer í samskipti við sérfræðinga og gera rannsóknarþjónustu sjálfbæra um afgreiðslu örgagna.

Hagstofunni stendur til boða að taka upp nútímalegri skjalastjórnun í tengslum við *Pólstjörnuverkefnið*. Um er að ræða forritin *Sharepoint* og *Teams* en þar geta starfsmenn unnið saman í skjölum innan teyma. Það þýðir skilvirkara utanumhald skjala sem styttr þann tíma sem fer í leit að gögnum.

Nokkur umbótaverkefni tengd betri vinnutíma snúa að því að sjálfvirknivæða útgáfuferla. Stefnt er að því að frágangur fréttu og taflna verði unnin á sameiginlegum vettvangi samskipta- og miðlunardeildar og fagsviðanna. Markmiðið með þessum breytingum er að gera útgáfuferlið miðlægara en nú er sem fækkar handtökum og gerir ferlið einfaldara og skilvirkara. Auk þess stuðlar það að meiri gæðum og auknu öryggi.